

## 4. fundur skólaráðs Foldaskóla skólaárið 2019-2020 haldinn fimmtudaginn 7. maí 2020 kl. 8:15

**Mætt voru:** Krístrún Guðjónsdóttir skólastjóri, Þórgunnur Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Eva Rós Vilhjálmsdóttir og Tinna Arnardóttir fulltrúar kennara, Helga V. Pálsdóttir fulltrúi starfsfólks, Elín Heiður Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra, Auður Árnadóttir og Vigfús Þór Helgason fulltrúar nemenda og Áslaug Einarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags.

Fundur var settur af Krístrúnu. Gengið til dagskrár.

### Dagskrá:

- Skóladagatal, kynning, umræða – umsögn skólaráðs
- Undirbúningur að skipulagi næsta skólaárs
- Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 9. bekk
- Rekstar- og fjárhagsáætlun skólaárs
- Önnur mál

## Skóladagatal, kynning, umræða – umsögn skólaráðs

Skólastjóri kynnti skóladagatal, nemendadagar eru 180. Fimm undirbúningsdagar að hausti og þrír frágangsdagar að vori. Skertir dagar eru þegar skólasetning og skólaslit eru og litlu jólin. Samráðsdagar eru tveir. Uppbrotsdagar eru skreytingadagur, fjölgreindarleikar, tveir þemadagar og vordagur.

Skólastjóri óskaði eftir athugasemdum frá fundarmönnum eftir kynningu sína á skóladagatali. Engar athugasemdir voru gerðar og var skóladagatal því samþykkt af skólaráði.

## Undirbúningur að skipulagi næsta skólaárs

Byrjað er að auglýsa stöður fyrir næsta skólaár. Verið að leggja lokahönd á námsval. Kynningar og móttökufundir verða í 1. og 8. bekk.

Í bígerð er að nýta stundatöfluforrit við vinnslu stundatöflu – forsendur fyrir að byrja stundatöflugerð eru skipulag sundtíma og íþróttatíma í Dalhúsum. Aðallega verið að skoða asc Timetables en en ekki hefur verið tekið ákvörðun um hvaða forrit verður notað.

## Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 9. bekk

Farið yfir niðurstöður samræmdra prófa.

Hæfnieinkunnir									
	Íslenska			Stærðfræði			Enska		
	Landið %	Skóli fj	Skóli %	Landið %	Skóli fj	Skóli %	Landið %	Skóli fj	Skóli %
A	12.3%	10	12.7%	7.4%	10	12.7%	10.9%	11	14.1%
B+	12.3%	15	19.0%	12.8%	8	10.1%	14.1%	13	16.7%
B	34.5%	25	31.6%	37.0%	31	39.2%	37.5%	28	35.9%
C+	12.8%	12	15.2%	11.2%	11	13.9%	10.8%	10	12.8%
C	25.4%	17	21.5%	27.9%	17	21.5%	26.0%	15	19.2%
D	2.7%	0	0.0%	3.8%	2	2.5%	0.8%	1	1.3%
Heild		79			79			78	

## Rekstar- og fjárhagsáætlun skólaárs

Skólinn aðeins undir í rekstrarniðurstöðu en yfir í stöðugildum og stoðþjónustu.

Í framhaldi af ræddi skólastjóri um hvað væri framundan í skólastarfinu og nefndi starfsdag, mánudaginn 11. maí, lesfimiþróf í maí, Reykjaferð 7. bekkja, undirbúning námsmats og vordaga, útskrift og skólaslit

### Önnur mál

Umræður spunnust um hvers vegna foreldrar koma minna inn í grunnskólastarfið en leikskólastarfið.

Helga ræddi um stoðþjónustuna, aðstæður og bjargir og mikilvægi þess að halda henni öflugri. Fundarmenn tóku undir það. Vigfús nefndi að e.t.v. þyrfti fleiri skápa fyrir nemendur á unglíngastigi.

Næsti fundur í skólaráði er áætlaður föstudaginn 29. maí.

Fundi slitið kl. 9:30  
Þórgunnur Stefánsdóttir